

AUGLÝSING

um niðurfellingu framleiðsluforskrifta lyfja.

Frá og með 1. apríl 1985 var framleiðsla neðantalinna forskriftalyfja óheimil:
 Injectable adrenalini 0,1% NORD.
 Injectable pethidini 5% NORD.
 Frá og með 1. júlí 1985 var framleiðsla neðantalinna forskriftalyfja óheimil:
 Cremor hydrocortisoni DAK 63.
 Injectable theophyllamini, allir styrkleikar, NORD.
 Injectable suxamethoni NORD.
 Tablettae coffeini phenazoni DD 63.
 Ungventum hydrocortisoni NORD.
 Ungventum topicini NORD.
 Ungventum topicini cum hydrocortisono DD 63.
 Heimilt var að afgreiða viðkomandi lyf í smásölu til og með 31. desember 1985.
 Frá og með 1. janúar 1986 er framleiðsla neðantalinna forskriftalyfja óheimil:
 Emulsio paraffini NORD.
 Injectable calcii borogluconatis vet. NORD.
 Oculoguttae chloramphenicoli NORD.
 Suppositoria meclozini NORD.
 Tablettae meclozini NORD.
 Vaselinum sterilisatum NORD.
 Heimilt er að selja viðkomandi lyf í smásölu til og með 30. júní 1986.
 Frá og með 1. apríl 1986 er framleiðsla neðantalinna forskriftalyfja óheimil:
 Oculoguttae viscosae DAK.
 Heimilt er að afgreiða viðkomandi lyf í smásölu til og með 30. september 1986.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 13. janúar 1986.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Ingolf J. Pedersen.

REGLUGERÐ

um gjöld fyrir embættisverk fulltrúa í utanríkisþjónustunni.

1. gr.

Fyrir útgáfu vegabréfa og staðfestingarárítanir í sendiráðum eða ræðisskrifstofum Íslands skal greiða eftirfarandi gjöld:

	kr.
1. Fyrir útgáfu vegabréfa til handhafa á aldrinum 18—66 ára	1 000,00
2. Fyrir útgáfu vegabréfa til annarra	300,00
3. Fyrir staðfestingarárítun í vegabréf eða önnur persónuskilríki	200,00
4. Fyrir að staðfesta undirskriftir stjórnvalda og einstaklinga („legalisering“), hvert skjal	200,00

2. gr.

Upphæð gjalds skv. 1. gr. skal rituð í vegabréfið eða á skjalið. Jafnframt skal gefa út sérstaka kvittun fyrir gjaldinu og rita á hana fyrir hvað gjaldið er innheimt.

3. gr.

Gjöld þau, sem innheimt eru skv. reglugerð þessari, renna í ríkissjóð, nema þau gjöld, sem kjöræðismenn innheimta, en þau renna til þeirra sjálfra. Gjöldin ber að greiða í mynt hlutaðeigandi ríkis í samræmi við skráð gengi Seðlabanka Íslands. Við útreikninginn er heimilt að jafna upphæðina.

4. gr.

Reglugerð þessa skal prenta á íslensku og ensku og skal hún liggja frammi í íslenskum sendiráðum og ræðisskrifstofum.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. 17. gr. laga nr. 39, 16. apríl 1971 um utanríkisþjónustu Íslands og öðlast hún gildi hinn 1. febrúar 1986. Jafnframt fellur þá úr gildi reglugerð um gjöld til utanríkisráðuneytisins frá 14. janúar 1984.

Utanríkisráðuneytið, 2. janúar 1986.

Geir Hallgrímsson.

Ingvi S. Ingvarsson.

REGLUGERÐ**um breytingu á reglugerð nr. 673/1980 um gatnagerðargjöld
í Njarðvíkurkaupstað.**

1. gr.

Við 2. gr. bætist ný málsgrein er verði 5. mgr. svohljóðandi:

Af gróðurhúsum á íbúðarhúsalóðum og sólskylum sem standa upp við vegg íbúðarhúss reiknast ekki gatnagerðargjald, enda séu þak og veggir úr gagnsæju efni og uppfylli ekki einangrunarkröfur íbúðarhúsa.

Reglugerð þessi sem samín er og samþykkt af bæjarstjórn Njarðvíkur staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 um gatnagerðargjöld til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 14. janúar 1986.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Þórhildur Líndal.